

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 12. febrúar 2021
Mnr. 2012120018



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað vegna breytinga á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar 2020/2021

Á 1118. fundi bæjarráðs, þann 24. ágúst 2020, var lagt fram minnisblað undirritaðrar og greinargerð vegna breytingatillagna að bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar.

Lagt var til að breyta 9., 10., 14., 17-21., 24., 27, 29., 30., 32., 37., 38., 39., 47., 49., og 62. gr. bæjarmálasamþykktarinnar, auk þess sem lagt var til að erindisbréf nefnda verði uppfært til samræmis við samþykktar breytingar.

Á 460. fundi bæjarstjórnar, þann 3. september 2020, var tillaga um breytingar á samþykktum um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar, í samræmi við ofangreint minnisblað, lagt fyrir bæjarstjórn. Forseti lagði fram tillögu um að vísa málinu til seinni umræðu bæjarstjórnar, en jafnframt var ákveðið að fastanefndir myndu veita umsagnir um breytingar á verkefnum nefnda í samræmi við breytingar á 47. gr. samþykktanna.

Á 1121. fundi bæjarráðs, þann 14. september, var lagt fram minnisblað undirritaðrar varðandi leiðréttingu á breytingu á 14. gr. samþykktanna.

Málið var tekið fyrir í eftirfarandi nefndum:

Velferðarnefnd, 450. fundur, 17. september 2020. Bókað að „starfsmönnum væri falið að óska eftir skilgreiningu á hlutverki velferðarnefndar með vísan til 14. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.“

Atvinnu- og menningarmálanefnd, 153. fundur, 17. september 2020. Bókað að „atvinnu- og menningarmálanefnd fellst á breytingar samkvæmt minnisblaði Bryndísar Óskar Jónsdóttur, sviðsstjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs, dags. 31. ágúst 2020, varðandi 5. tl. 47. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarskóp.“

Umhverfis- og framkvæmdanefnd, 99. fundur, 22. september 2020. Bókað að „umhverfis- og framkvæmdanefnd telur ekki tímabært að sameina nefndir um umhverfis- og skipulagsmál á meðan endurskoðunarvinna á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar stendur yfir. Nefndarmenn óska einnig eftir að því að skipaður verði sérstakur starfsmaður fyrir nefndina.“

Skipulags- og mannvirkjanefnd, 544. fundur, 23. september 2020. Bókað að „skipulags- og mannvirkjanefnd tekur undir bókun umhverfis- og framkvæmdanefndar um að ekki sé tímabært að sameina nefndirnar. Nefndin kallar einnig eftir útfærslu á störfum nýrrar nefndar. Nefndin telur að miðað við umfang og fjölda mála á dagskrá funda, þá er full þörf á tveimur nefndum. Nefndin sér ekki að málum hafi fækkað síðan skipulags- og mannvirkjanefnd var skipt upp í þær tvær nefndir, sem nú starfa, vegna anna fyrri nefndar.“

Málið var tekið aftur fyrir í bæjarráði á 1123. fundi nefndarinnar, þann 28. september 2020. Bókað var að „bæjarráð felur bæjarstjóra að skipa starfsmann fyrir umhverfis- og framkvæmdanefnd. Bæjarráð felur bæjarstjóra að taka saman breytingar á bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar í kjölfar fyrri umræðu í bæjarstjórn og umræðu í nefndum og leggja fyrir bæjarráð.“

Í kjölfar þess var unnið frekar að málinu og kom þá fram að óskað var eftir að einstakir starfsmenn og/eða nefndir fengu heimildir til fullnaðarafgreiðslu mála. Unnið var að útfærslu þess haustið 2020, og hafa drög að reglum verið samdar.

Standi vilji bæjarstjórnar til þess að heimila fullnaðarafgreiðslur mála með formlegum hætti þurfa ákvæði þess efnis að vera í bæjarmálasamþykkt. Í kjölfar þarf bæjarstjórn að samþykkja viðauka fyrir hvert svið og einstaka starfsmenn um þau verkefni sem heimilt er að vinna án samþykkis bæjarstjórnar, s.s. endurnýjun lóðarleigusamninga, veiting umsagna rekstrarleyfa og veiting afsláttar af fasteignagjöldum í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Við uppsetningu á viðaukum þessum, fyrir bæjarstjórn til samþykktar, kom fram að nauðsynlegt er að endurskoða og uppfæra ýmsar reglur og eyðublöð sveitarfélagsins, með hliðsjón af lagabreytingum og verkefnaskiptingu milli sviða.

Niðurstaðan er því sú að á þessu stigi er óskað samþykktar bæjarstjórnar á tillögu að breytingum á samþykktum sveitarfélagsins, síðari umræðu, en sú fyrri fór fram á 460. fundi sl. haust, að teknu tilliti til leiðréttinga 14. gr. og 47. gr. (sjá samantekt í meðfylgjandi minnisblaði merkt „fyrir síðari umræðu“).

Auk þessa er lagt fram minnisblað undirritaðrar og greinargerð vegna breytingatillagna að bæjarmálasamþykkt Ísafjarðarbæjar, hvað varðar 36. og 37. gr. samþykktarinnar, varðandi heimildir til fullnaðarafgreiðslu mála. Samþykki bæjarstjórn, í tveimur umræðum, breytingar á 36. og 37. gr. eru forsendur til áframhaldandi vinnu við viðauka þar sem útlistuð eru þau verkefni og heimildir sem nefndir og einstakir starfsmenn hafa til formlegrar fullnaðarafgreiðslu mála. Rétt er að taka það fram að jafnframt kom fram beiðni frá bæjarfulltrúa um breytingar á 8. gr. samþykktanna, auk þess sem rétt þykir að breyta 16. gr. til að auka skýrleika (sjá samantekt í meðfylgjandi minnisblaði nr. 2 um málið).

Bryndís Ósk Jónsdóttir

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs